



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

VIFR3LF05

Kennari	S. Hilmar Guðjónsson - hilmar.gudjonsson@fss.is	
Viðtalstími	Þriðjudaga 09:15 – 09:55	
Námsefni	Lögfræði fyrir viðskiptalífið eftir Björn Jón Bragason Fæst hjá höfundi, bjorn@verslo.is	
Áfangalýsing	Í áfanganum eiga nemendur að læra að þekkja rétt sinn á ýmsum sviðum persónuréttar og viðskiptalífs. Nemendur kynnist grundvallaratriðum réttarkerfisins og fá nokkra innsýn í samningsgerð og skaðabóta- og kröfuréttarsambönd. Einnig verður fjallað um réttarreglur viðskiptalífsins, fasteignakaup, verslun og verslunarhætti auk bókhaldsskyldu og skattskyldu fyrirtækja.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Ekkert lokapróf er í áfanganum en stuðst verður við símat. Þrjú kaflapróf eru á önninni og þarf að ná meðaleinkunnina 4,5 úr prófunum, það má taka með sér eitt fall.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Símatsáfangi ☒	Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi
	Tímaverkefni	30%
	Hópverkefni	10%
	Lotupróf	60%
Reglur áfanga	Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund nema með leyfi kennara! Vinna í verkefnabók fer fram í tíma og gildir til einkunnar í áfanganum. Gættu þess að vinna jafnt og þétt, mæta í allar kennslustundir og dragast ekki aftur úr. Þeir sem eru fjarverandi oftár en 12 sinnum eru sjálfkrafa vikið úr áfanganum.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Ekki hika við að spyrja	

Grunnpættir menntunar	Í þessum áfanga nýta nemendur sér læsi til að öðlast hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýninn hátt og taka þátt í að móta það. Nemendur eru virkir þátttakendur í að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Þeir nýta sér til gagns tölulegar upplýsingar og nota og miðlað upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt. Í áfanganum birtist heilbrigði og velferð með því að kennari hugi eftir bestu getu að félagslegri vellíðan nemenda með því að tryggja góð samskipti og öryggi innan hópsins. Í áfanganum er lýðræði haft að leiðarljósi og borin er virðing fyrir manngildum hvers og eins og tekið er tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Nemendur eru hvattir til að láta sínar skoðanir í ljós og tekur kennari tillit til og hlustar á. Unnið er að því að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Sköpun er tekin fyrir en lögð eru fyrir verkefni sem byggja á gagnrýninni hugsun nemenda með aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika, mótun viðhorfa, gildismats og hæfni. Nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið s.s. með skipulag og námsmat.
------------------------------	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Grunnatriðum lögfræðinnar • Grundvallaratriðum í réttarfari, fræðilegri uppbyggingu og forsendum lagaréttar • Réttarheimildum • Íslenskri stjórnskipan • Mannréttindakafla íslensku stjórnarskrárinnar • Meginreglum íslensks réttarfars og helstu farvegi mála í gegn um dómstóla og aðrar stofnanir réttarkerfisins svo sem greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti • Helstu hugtökum sem lúta að réttindum og skyldum þjóðfélagsþegna • Almennum reglum sem varða samninga, umboð og aðra löggæringa • Lögum og réttarreglum um lausafjárkaup og fasteignakaup • Helstu lögum og réttarreglum er varða kröfur og skuldbindingar • Helstu lögum og réttarreglum er varða sífja-, erfða og barnarétt • Helstu réttindum og skyldum aðila á vinnumarkaði • Helstu lögum um stéttarfélög og vinnudeilur	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Greina og setja fram rökstudda lausn við lögfræðilegum álitamálum sem sett eru fram í raunhæfum dæmum • Flokka kröfuhafa gjaldþrotabús í skuldaröð • Skipta upp búi við skilnað samkvæmt reglum um hjónaskilnað, helmingaskipti og séreignir • Gera upp dánarbú samkvæmt íslenskum erfðareglum

- Mismunandi rekstarformum í atvinnurekstri hvað snertir ábyrgð eigenda og fleira
- Lögum og reglum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti



Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Útskýra mikilvægi lögræðinnar fyrir einstakling, fyrirtæki og samfélag
- Leysa raunhæf lögræðileg dæmi
- Lesa og hlusta á umræður um lögræðileg málefni með skilningi
- Tjá sig í ræðu og riti um lögræðileg málefni e. Beita upplýsingatækni við öflun upplýsinga og lausn verkefna

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Hópverkefni	15 klst.	10 klst.
Alls		102 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanganum.	
2. vika 24.-28. ágúst	1. kafli: Lög og réttur	Tímaverkefni
3. vika 31. ágúst-4. september	2. kafli: Handhafar ríkisvalds og mannréttindi	Tímaverkefni
4. vika 7.-11. september	3. kafli: Dómastólar	Tímaverkefni
5. vika 14.-18. september	4. kafli: Verslun og viðskipti	Tímaverkefni
6. vika 21.-25. september	5. kafli: Neytendavernd	Kaflapróf 1 1-5 kafli
7. vika 28. september-2. október	6. kafli: Samningsgerð	Tímaverkefni
8. vika 5.-9. október	7. kafli: Kröfur og skuldaskil Fyrri hluti	Tímaverkefni
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	7. kafli: Kröfur og skuldaskil Seinni hluti	Tímaverkefni
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	8. kafli: Atvinnulíf	Tímaverkefni
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	9. kafli: Skattar	Tímaverkefni
12. vika 2.-6. nóvember	10. kafli: Vinnumarkaður	Kaflapróf 2 6-10 kafli
13. vika 9.-13. nóvember	11. kafli: Skaðabætur og váttryggingar	Tímaverkefni
14. vika 16.-20. nóvember	12. kafli: Fasteignakaup	Tímaverkefni
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	13. kafli: Sifjar	Tímaverkefni
16. vika 30. nóvember-4. desember	14. kafli: Erfðir	Kaflapróf 3 11-14 kafli

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

S. Hilmar Guðjónsson